

# Sjálfstæðisflokkur í sjálfheldu – Fjórflokkurinn í kreppu

Eftir Ivar Jónsson

Margir undrast fylgishrun Sjálfstæðisflokksins. Á fyrstu áratugum lýðveldisins og fram undir lok áttunda áratugarins var fylgi flokksins í alþingiskosningum um 40%. Árið 1978 minnkaði fylgi flokksins niður í 32,7% og árið 2009 var það komið í 23,7%. Í sögulegu samhengi eða frá 1946 og fram til dagsins í dag hefur fylgi Sjálfstæðisflokksins einkenst af skýrri tilhneigingu til hignunar. Það sama gildir um Fjórflokkinn, þ.e. Framsóknarflokkinn, Samfylkinguna, Sjálfstæðisflokkinn og Vinstri-græna og fyrirrennara þessara flokka (sjá línurit).



Ivar Jónsson

kaflaskipti urðu í fylgi Fjórflokksins á fyrri hluta 9. áratugarins. Hnignun fylgis Fjórflokksins má rekja til innleiðingar þeirrar tegundar af óraunsaerri nýfrjáls-hyggju sem hafin var til vegs og virðingar á Íslandi á 9. áratugnum. Þrennt skipti sköpum í þessu sambandi, þ.e.: a) „Ólafslögin“ frá 1979 sem innleiddu verðtryggingu lána, b) innleiðing kvótakerfisins í sjávarútvegi 1983 og 3) afnám verðtryggingar launa sama ár sem gróf undan greiðslugetu lántakenda en gulltryggt hagsmuni banka og lífeyrissjóða. Á síðustu tveimur áratugum var nýfrjálshyggja enn frekar styrkt í sessi með hávaxta- og stórtækri einkavæðingu opinberra fyrirtækja og stofnana, sér í lagi fjármálafyrirtækja. Óánægja almennings fór sívaxandi eftir því sem á leið og steininn tók úr í kjölfar kreppunnar 2008. Þá hófst núverandi kreppa Sjálfstæðisflokksins.


## Sjálfstæðisflokkurinn á tímamótum

Kreppa Sjálfstæðisflokksins á rætur að rekja til þess nýfrjáls-hyggjukerfis sem innleitt var á 9. áratugnum og fullkomnað var á fyrstu árum þessarar aldar. Það er verðtrygging lána, misgengi fjármagnskostnaðar og launatekna heimilanna, hávaxtastefna, einkavæðingartilburðir í heilbrigðiskerfinu og kvótakerfið í sjávarútvegi, sem hefur nært óánægju almennings með það sem margir upplifa sem vaxandi og óásætlanlegt óréttlæti. Sjálfstæðisflokkurinn er tal-

» Hnignun fylgis Fjórflokksins má rekja til innleiðingar nýfrjáls-hyggju sem hafin var til vegs og virðingar á Íslandi á 9. áratugnum.

inn aðalsökudólgurinn í þessari sögu. Viðbrögð sjálfstæðismanna við gagnrýni og óánægju eru oft léttvæg. Þeir halda því fram að óánægjan stafi af ófunduskyli og gefa sér um leið að hagskipan nýfrjálshyggjunnar sé í sjálfri sér réttlát. En þessi hagskipan er ekki réttlát nema tryggt sé að forsenda auðsöfnunar og tekjuskiptingar sé frjáls samkeppni. Þessi röksemdafræsla er ófullnægjandi því íslenskt hagkerfi einkennist af óvenju umfangsmikilli einkun og fákæppi á mörkuðum. Fyrirtæki í fákæppisgeiranum hafa í áratugi tryggt sér ofurgroða á kostnað venjulegra fyrirtækja og heimila landsins. Nýlegt dæmi um skort á samkeppni og óréttlæti í skilningi frjálshyggju er lokað vild-arvinauðboð á hlutabréfum í Símanum.

Ólán Sjálfstæðisflokksins felst í því að telja ófunduskyli meðal almennings meginástæðu kreppu flokksins í stað þess að greina grundvallarvandamál efnahagslífsins en það er skortur á samkeppni vegna foræðisstíðu fákæppisfyrirtækjanna í efnahagslífinu. Ógæfa Sjálfstæðisflokksins stafa af því að hafa lagt ofuráherslu á að til-einka sér engilsaxneska nýfrjáls-hyggju thatcherískans í stað þýskrar nýfrjálshyggju orðalberal-ismans, sem leggur höfuðáherslu á að tryggja samkeppni og réttlæti með sérstökum aðgerðum og



regluverki gegn fákæppi. Um leið er markmiðið að stemma stigu við samþjöppun efnahagslegs og stjórnmálalegs valds einkunar- og fákæppisfyrirtækja.<sup>1)</sup> Umræða um slíka nýfrjálshyggju var áberandi í Sjálfstæðisflokknum á 6. áratugnum og Viðreisnarárnum, og þar var fremstur í flokki hugmyndafræðingurinn Birgir Kjaran, ritstjóri Frjálsrar venslunar.<sup>2)</sup> Á þeim árum einkennist stefna Sjálfstæðisflokksins af raunsei og pragmatismen en ekki hreinni hugmyndafræði. Útgangspunkturinn var samfélagsleg ábyrgð sem fólst í áherslum á hagsmuni hjóðarinnar, stétt með stétt, frjálsa venslun, raunverulega samkeppni og umhverfisvernd grænu byltingarinnar.

## Leiðin út – Píratar?

Um þessar mundir óttast margir að Píratar sé stærsta ógnin gegn Fjórflokknum og/eða ríkjandi nýfrjálshyggjuskipulagi. Ekki er það líklegt. Samkvæmt stefnuskrá Pírata eru þau ekki andvirkni tryggingu lána, en vilja kanna lög-mati verðtryggingarinnar. Þau vilja lögfgesta lágmarkslaun en styðja ekki afgerandi skipulags-prinsipp norræns velferðarkerfis, þ.e. jafnan rétt til aðstoðar ghað tekjum viðkomandi. Þau eru opin fyrir nýfrjálshyggjukerfi með til-heyrandi mati á þörf hvers og eins. Píratar vilja einnig auka einkavæð-ingu velferðarkerfisins með því að

styrkja hlut einkafyrirtækja í kerfinu til að minnka skrifréði í kerfinu. Þau vilja einfalda skattakerfið en skýra ekki hvernig þau vilja gera það eða hvort það feli í sér andstöðu við skattakerfi sem byggist á mörgun stíghækkandi skatt-prepum. Þá má nefna að Píratar hafa ekki stefnu í vaxtamálum og þau eru ekki andvirkni hávaxtastefnu nýfrjálshyggjunnar. Loks hafa þau enga skýra stefnu gegn fákæppis-fyrirtækjum.

Fylgi Þjartrar framtíðar, Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri-græna minnkar stöðugt og afstaða þeirra til Evrópusambandsins, einkavæð-ingar, afnáms verðtryggingar lána og hávaxtakerfisins er svo sundurleitt að erfitt er að sjá fyrir sér þessa flokka sem öflugt aðl gegn nýfrjálshyggjukerfinu.

Það er því ekki sjáanleg nein al-varleg ógn við núverandi nýfrjáls-hyggjukerfi. Líklegt er því að pólitísk óvissa ríki áfram og að Fjórflokknum minni halda áfram að hnigna nema ef ske kynni að þau öfl eflist innan Sjálfstæðisflokksins sem vilja fara þýsku nýfrjáls-hyggjuleiðina.

<sup>1)</sup> Sjá nánar Ivar Jónsson: Nýr lands-málagrundvallur – Sjálfstæðisflokkurinn á tímamótum, Þjóðmál, nr. 4 2014.

<sup>2)</sup> Sjá greinar Birgís á <http://www.felagshyggja.net/xd.htm>

Höfundur er prófessor.

# Í tilefni Landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Eftir Einar S. Hálfánarson

Á Íslandi er ríkur vilji til að taka við inn-flytjendum, þeim og landinu til gagns. Þar ber þó að viðhafa eðli-lega varúð og forðast vandamál sem aðrar þjóðir hafa gengið gegnum og gera enn. Lögð verði áhersla á að taka annars vegar við innflytjendum frá löndum sem góð reynsla er af og ofsóttu fjálskyldu-fólki frá stríðsráðum svæðum hins vegar.



Einar S. Hálfánarson

Horft verði til reynslu Norð-manna og Dana og lært af reynslu þeirra um hvað vel hefur gengið og aflaga farið. Þau atriði sem horfa þarf til eru m.a. það sem lýtur að: Þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. hvernig einstökum hópum, m.a. eftir þjóðerni hefur vegnað þar, þ.m.t. hvort viðunandi vilji til að vinna og sjá fyrir sér sé fyrir hendi. Einnig þarf að skoða hvort skipulögð glæpastarsemi hafi fylgt einstökum hópum umfram öðrum.

Skoða þarf hvað unnt er að gera til að koma í veg fyrir ófgamenn komi til Íslands og settist hér að. Í því sambandi er vert að skoða að-ferðir þær sem Tyrkir beittu á fyrri hluta 20. aldar gegn ófgatruð með góðum árangri.

Fjölmiðög lönd unnu sig frá fátækt til bjargálna og síðar til ríki-dæmis á liðinni öld. Gera verður nauðsynlegar umbætur í fátækum löndum, einkum í Afríku, til að hagar þeirra geti farið batnandi. Hins vegar getur það aldrei orðið lausn á

fátækt í heiminum að leyfa frjálsa fór allra sem hug hafa á til Íslands frá löndum þar sem fátækt er við lýði.

## Trúfrelsi, Sjálfstæðisflokkurinn og þjóðkirkjan

Á Íslandi ríkir fullt trúfrelsi. Það er hluti trúfrelsis að mega iðka trú sína. Þannig gengur það gegn trúfrelsi að meina ferming-arbörnum aðgang að trúfrelsi kirkjunnar á skólatíma. Sama á við um leikskólaborin. Í raun er skólatíminn eini tíminn sem börn hafa til aðgangs að trúfrelsi kirkjunnar. Að meina börnum þann aðgang jafngildir banni við trúaríökum. Reykjavíkurborg býrur freklega gegn trúfrelsi og kirkju með boðum sínum og bönnum í þessum efnum.

Í Sjálfstæðisflokknum hafa jafnan átt samleiki kristnir menn úr öllum trúfélögum og þeir sem enga trú jata. Allir hafa þeir átt það umburð-arlyndi sameiginlegt að styðja þjóð-kirkjuna og virða kristinn menning-ararf Íslands hvað sem persónulegri trúarsanffærningu hefur liðið. Þess vegna hefur alltaf verið nánast ein-röma stuðningur við kirkjuna innan Sjálfstæðisflokksins. Svo verður áfram að vera.

Það urðu því djúp vonbrigði að undir yfirstjórn Sjálfstæðisflokksins skyldi RUV taka stórt skref í þá átt að útloka kirkju og kristni frá stofn-uninni.

## Málefni eldri borgara

Ísland varð að þróuðu nútímaríki á fáum áratugum á síðustu öld. Það

» Nú er svo komið að ungir sjálfstæðismenn eru því sem næst fylgi rúnir. Þeir hljóta að þurfa að líta í eigin barm og spyrja sig hvers vegna þeir ná ekki til fólks.

eiga að vera sjálfsgöð mannréttindi þeirra sem löguð sitt af mörkum til að gera það að veruleika að ævikvöldið verði gert þeim bærlégt. Það er óviðunandi að þeir sem dvelja í eliheimum hafi ekki aðgang að einkasvfnherbergi ef þeir það kjósa. Þá telst það alvarlegt brot á mannréttindum að afskilja ljón vegna þess að annað þeirra er lasburða en hitt ekki.

Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur að leggja áherslu á að áuninn réttur til elliflyfis sem fólk hefur öðlast með áratuga framföngum til TR heldist og verði skilgreindur sem slíkur. Þannig öðlist fólk ekki rétt til elliflyfis við eitthvað að flytja til landsins, ekki hér fremur en annars staðar. Réttur til elliflyfis á þess að hafa lagt af mörkum til hans er ein-ungis til þess fallinn að úþýnna réttindum annarra. Sama á við um skjútratyggjngar og skyld réttindi.

## Lánasjóður íslenskra námsmanna

Lánasjóður íslenskra námsmanna þarf að vera sjálfbær í þeim skilningi að sjóðinn verður að fjármagna fjáðföndum með eigin fé. Meta þarf af fullu raunsei hversu miklu endur-

greiðslur muni skila sjóðnum í framtíðinni. Í þeim efnum þarf að hafa í huga að lánin eru nú ótryggt með öllu eftir að lántakendur hættu að þurfa að úttega lánsábyrgðir. Þá eru útlendingar án mikilla tengsla við Ísland mórðjóð hluti lántakenda. Með öðrum orðum þá er lántakendur að miklu leyti í sjálfsvald sett hvort þeir kjósa að endurgreiða lánin. Í þessu sambandi er rétt að minna á að aðeins eru tveir áratugir síðan LÍN var nánast gjaldþrota eftir óstjórn vinstri-manna.

Frumkvæði og frumlega hugsun skortir varðandi ábyrga stefnumótun til framtíðar í málefnum sjóðsins. Skoða þarf hvort ekki sé betri leið að hafa blandað kerfi námsstyrkja og námslána með fullum vöxtum og endurgreiðsluþryggingum, einkum þegar um háar fjárhæðir er að tefla. Þá er sjálfagt að skoða hvort það gagnist ekki vel að endurgreiðslu-þýrði verði létt hér á landi með skattfrádráttum og jafnvel með skattafláttum.

## SUS, lýðræðisleg fjóldahreyfing

SUS var áratugum saman lýðræðisleg fjóldahreyfing ungs fólks. Engin pólitísk fjóldahreyfing komst með tærnar þar sem SUS hafði hælana. Sjálfstæðisflokkurinn bjó að framsýni og hugmyndafræði fyrstu forystumanna SUS, svo sem Gunnars Thoroddson og Thors Thors svo áratugum skipti. Innan SUS var frjálslyndi og umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra ríkjandi og ekki síður lýðræðisleg vinnubrögð og gagnkvæm virðing. Nú er svo komið að ungir sjálfstæðismenn eru því sem næst fylgi rúnir. Þeir hljóta að þurfa að líta í eigin barm og spyrja

sig hvers vegna þeir ná ekki til fólks, ekki bara til annarra.

Sjálfstæðisflokkurinn og ungir sjálfstæðismenn verða einnig spyrja sig hvers vegna hefur fjöldi ungs fólks sem var í jafntíli forystu sem almennir félagar látið sig hverfa á braut? Að vissu hefur það verið orðað af a.m.k. einhverjum þeirra fáu sem eftir standa að betra sé að vera lítil flokkur með réttar skoðanir en stór útþýmtur flokkur. Sú skoðun er Sjálfstæðisflokknum hættuleg.

Til að unnt verði að breikka forystuna innan SUS þannig að SUS nái aftur fyrri styrk verður að tryggja að allir frambjóðendur standi jafnt að vígi við kosningar, bæði innan SUS og aðildarfélaganna. Þannig verði félagaræðilegum öllum jafnaðgengilegar o.s.frv. Forystu Sjálfstæðisflokksins ber að tryggja að lýðræðishefðum og reglum sé fylgt innan SUS og aðild-arfélagananna.

## RÚV

Í lögum kemur fram að í starfs-hlutnum sínum skuli Ríkisútvarpið m.a. ábyrgjast að sanngírni og hlut-lægni sé gætt í frásögn, tilkun og dagskrárgerð, leit að sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjón-armíð þeirra kynnt sem jafnast. Ríkisútvarpið skal vera óháð stjórnmálaálegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmumum í efnismæðferð og ristjórnarkvörð-unum. Þá er Ísland aðili að Evrópuráðinu og ber sem slíku að fara eftir reglum þess um óhlutdrægni fjölmiðla. Þessa hefur ekki verið gætt og engin merkanleg breyting orðið þar á þessu kjörtímabili.

Höfundur er hestærattarlögmaður.